



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**560. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 3. júlí 2023
og hófst hann kl. 12:30.**

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Valdimar Víðisson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur setti fund í fjarveru formanns og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH ásamt fulltrúum SSH í viðræðuhópum um annars vegar endurskoðun samkomulags um almenningssamgöngur og hins vegar um uppfærslu Samgöngusáttmálans upplýsa um stöðu viðræðna og næstu skref.

Þá er fyrirbyggjandi sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna, dags. júní 2023, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans.

Gestir

Guðjón Erling Friðriksson

Birgir Björn Sigurjónsson

Ólöf Örvardsdóttir

Niðurstaða:

Sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf. er lögð fram og er skrifstofu SSH falið að senda hana aðildarsveitarfélögum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska.

2. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi er rekstraruppgjör skíðasvæðanna sem Andrés Andreassen fjármálastjóri Menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar kynnir.

Þá eru fyrirbyggjandi til kynningar fundargerðir Samstarfsnefndar skíðasvæðanna frá 412. fundi sem fram fór 29. mars 2023, 413. fundi sem fram fór 19. apríl 2023 og 414. fundi sem fram fór 21. júní 2023, ásamt fylgiskjöllum.

Gestir

Andrés Andreassen

Þorvaldur Daníelsson

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna er falið að leggja ítarlegri fjárhagsáætlun fyrir auk tillagna nefndarinnar að hagræðingaraðgerðum í rekstri skíðasvæðanna, fyrir fund stjórnar SSH sem fyrirhugaður er 14. ágúst nk.

3. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Þorvaldur Daníelsson formaður Samstarfsnefndar skíðasvæðanna er gestur fundarins og fer m.a. yfir stöðu framkvæmdaáætlunar vegna framkvæmda á skíðasvæðunum.

Þá er fyrirbyggjandi til kynningar fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 29. júní 2023.

Gestir

Andrés Andreason

Þorvaldur Daníelsson

Niðurstaða:

Umræður

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar SSH, kemur til fundar og tekur við fundarstjórn.

4. Hjálpræðisherinn og Samhjálp -vaxandi aðsókn í máltíðir - 2305005

Fyrirliggjandi er erindi frá Rannveigu Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar dags. 13. júní 2023 varðandi þjónustu Samhjálp og Hjálpræðishersins við matargjafir í hádeginu en aukin aðsókn er í þau úrræði. Framangreint var einnig til umræðu á 558. fundi stjórnar SSH og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess: "Framkvæmdastjóra SSH er falið að funda með Hjálpræðishernum á Íslandi til frekari yfirferðar á erindinu". Sá fundur hefur farið fram og gerir framkvæmdastjóri grein fyrir honum.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra SSH er falið að óska samtals við ríkið um framangreint.

5. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá Ellen Calmon, formanni stjórnar Fjölsmiðjunnar, þar sem óskað er eftir tilnefningum til stjórnar Fjölsmiðjunnar fyrir næsta aðalfund Fjölsmiðjunnar, en SSH tilnefnir einn aðalmann og einn til vara. Núverandi stjórnarmenn eru skv. tilnefningu SSH Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og til vara Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Gerð er tillaga um að leitað verði til samráðshóps á sviði velferðarmála eftir tillögum um fulltrúa SSH í stjórn Fjölsmiðjunnar.

Niðurstaða:

Skrifstofu SSH er falið að leita eftir tillögum frá Samráðshóp á sviði velferðarmála.

Samþykkt



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

6. Svæðisbundið samráð í þágu farsældar barna - 2306006

Fyrirliggjandi er beiðni mennta- og barnamálaráðuneytisins dags. 22. júní 2023, um umsagnir landshlutasamtaka sveitarfélaga um svæðisbundið samráð sveitarfélaga í þágu farsældar barna (svæðisbundin farsældarráð) en sérstaklega er farið fram á umsögn um mat landshlutasamtaka á því hvernig hægt væri að haga uppbyggingu skólaþjónustusvæða, en þau eru til skoðunar í tengslum við gerð frumvarps til laga um skólaþjónustu sem er í undirbúningi hjá ráðuneytinu.

Gerð er tillaga um að erindið verði sent skólamálanefnd SSH, og afrit á Samstarfshóp á sviði velferðarmála, og óskað eftir afstöðu, athugasemdum og efni vegna umsagnar SSH um framangreint.

Niðurstaða:

Samþykkt

7. Umsagnir þingmála - 1910005

Drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 liggja nú fyrir á samráðsgátt og er umsagnarfrestur til 31. júlí nk.

Fyrirliggjandi er umsögn SSH um við drög að Hvítbók um samgöngumál: drög að stefnumótandi samgönguáætlun 2024 til 2038 og fimm ára aðgerðaráætlun, dags. 21. apríl 2023. Gerð er tillaga um að framkvæmdastjóra verði falið að vinna umsögn um drög að samgönguáætlun til samræmis við þau sjónarmið samtakanna sem þar er lýst.

Niðurstaða:

Samþykkt

8. Samræming úrgangsflokkunar - gjaldskrár - 2104006

Gerð er tillaga um að SSH sendi sameiginlegt erindi til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra varðandi kostnaðaraukningu vegna nýs fyrirkomulags við sorphirðu og aðkomu Úrvinnslusjóðs að fjármögnun kostnaðar sem leggst á sveitarfélögin vegna breyttra lagaskyldna.

Fyrirliggjandi til umræðu er minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 29. júní 2023 um breytingar á gjaldskrár sveitarfélaganna vegna ofangreinds.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra SSH er falið að senda erindi samkvæmt framansögðu í samráði við stjórn SSH.

Samþykkt

9. Stefnuráð - Úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu - 2209003

Á síðasta fundi Stefnuráðs byggðasamlaganna sem fram fór 19. júní sl. var samþykkt tillaga um að SSH yrði falið að vinna úr þeim tillögum sem nú liggja fyrir um fyrirkomulag úrgangsmála, og vinna áfram með starfshópi við áframhaldandi vinnu, en gert ráð fyrir að endanlegar niðurstöður hans verði kynntar stefnuráði í haust. SSH var falið að vinna nánar úr niðurstöðum vinnunnar og leggja tillögur um framtíðarfyrirkomulag fyrir stefnuráð til umræðu og afgreiðslu á haustmánuðum.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi er umræðuskjal um áframhald þessa verkefnis og hugmyndir að fyrirkomulagi vinnustofu stefnuráðs í haust.

Niðurstaða:

Umræður

10. Sóknaráætlun - Áhersluverkefni 2023 - 2211011

Lögð fram til kynningar undirritaðir samningar og drög að samningi við VSÓ vegna áhersluverkefna sóknaráætlunar 2023. Þau verkefni, ásamt verklýsingu og fjárhagsáætlun þeirra, voru samþykkt af hálfu stjórnar SSH á 552. fundi sínum hinn 20. febrúar 2023.

Verkefnin eru:

- Markaðsgreining og markaðssetning almenningssamgangna.

Samstarfssamningur SSH og Strætó bs. dags. 24. mars 2023 um markaðsgreiningu og markaðssetningu almenningssamgangna.

- Innleiðing hringrásarhagkerfis á höfuðborgarsvæðinu - næstu skref.

Samningur SSH við VSÓ dags. 15. maí 2023.

- Dregið úr förgun rafúrgangs.

Viðaukasamningur við samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 milli SSH og umhverfis-, orku- og loftslagsáðuneytisins dags. 18. janúar 2023.

Samstarfssamningur um meðhöndlun og samdrátt í förgun rafúrgangs milli SSH og Sorpu bs. dags. 23. júní 2023.

- Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins.

Viðaukasamningur við samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins milli SSH og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins dags. 17. mars 2023.

Óundirritaður samningur SSH við VSÓ vegna verkefnastjórnunar

"Loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins 2023: innleiðing og framkvæmd aðgerða", ásamt fylgigögnum, þ.e. annars vegar verðfyrirspurn SSH og hins vegar tilboði VSÓ í verkið.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

11. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 17. maí 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 7. júní 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

12. Önnur mál - 2110011

Umræður um viðauka við eigendasamkomulag eigenda Sorpu bs. vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi.

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026